

**Ársskýrsla Bókasafnsins Ísafirði**  
**2023**

## Hlutverk:

Bókasafnið Ísafirði er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn og eftir menningarstefnu Ísafjarðarbæjar.

Bókasafnið Ísafirði er samverustaður fyrir alla bæjarbúa,

## Framtíðarsýn:

Sýnilegt bókasafn.

Bókasafnið fyrir alla.

Bókasafnið - hlýlegur og öruggur staður.

## Gildi:

Heiðarleiki og heilindi

Jákvætt viðmót

Notendastýrt bókasafn

Öryggi og vellíðan

## Lykiltölur

- Útlán: 10.370 (11.118) þar af Rafbókasafnið 323 (224)
- Millisafnalán: fengið 10 /sent 3 (fengið 17 /sent 3)
- Heimsóknir leikskólabarna, skipulagðar: 0 (7)
- Heimsóknir grunnskólabarna, skipulagðar: 2 (2)
- Afgreiðslustundir á viku: 33 (33)
- Safnkostur skráður í Gegni í árslok 58.113 (58.106)
- Sumarlestur, þátttakendur: 45 (38)
- Starfsfólk: 5 (5). Stöðugildi 2,55 (2,55)


Aðföng á árinu voru 1.315

Afskráður safnkostur: 1.826

## Opnunartími

Opið 12-18 virka daga, 13-16 á laugardögum. Langur mánudagur er annan mánudag í mánuði (nema júní, júlí og ágúst), þá er opið til kl. 21.





## Starfið á árinu


Ný heimasíða Safnahússins var væntanleg í byrjun árs en Mikaro gat ekki staðið við þá vinnu sem samið hafði verið um og var samningnum því rift í lok mars. Ákveðið var að nýta þá vinnu sem lokið var frá Mikaro, og Herbert Snorrason, starfsmaður skjalasafns, tók að sér að halda áfram með síðuna og koma henni í nothæft horf.

Langur mánudagur er annan mánudag í mánuði (nema júní, júlí og ágúst), þá er opið til kl. 21 og hægt að nota Safnahúsið á óhefðbundinn hátt. Bókaklúbbur bókasafnsins er á þessum tíma. Ritlistarhópurinn Write It Out er með fastan sess og frá hausti hefur íslenskuspjallhópurinn Þriðja rýmið komið saman á þessum mánudegi.

## Þjónusta safnsins

Bókasafnið býður upp á fjölbreytt úrval bóka fyrir börn og fullorðna, mynddiska og hljóðbækur á diskum auk Rafbókasafnsins. Safnið leggur áherslu á góða þjónustu við börn og unglinga. Upplýsingaþjónusta er þáttur í starfsemi bókasafnsins, almenningur og skólafólk á öllum skólastigum fær aðstoð við að finna þær upplýsingar og heimildir sem það leitar eftir. Bókasafnið býður upp á menningartengda viðburði.

Kynningar á viðburðum bókasafnsins fara fram á heimasíðu og Facebooksíðu safnsins, á Workplace og Facebooksíðu Ísafjarðarbæjar, með götugauglýsingum, auk fréttatilkynninga í Bæjarins besta og upplýsinga í tölvupósti til þeirra sem þess óska.




Alma, nýja bókasafnskerfið sem var tekið í notkun sumarið 2022 er enn í þróun. Grunnkerfið virkar vel í afgreiðslunni en enn eru einhverjir hnökrar. Á árinu var millisafnalánabátturinn tekinn í notkun. Fyrsta heildstæða árslokatölfræðin var í boði fyrir 2023 og nú koma aðfangatölur og afskrifað efni úr kerfinu, í fyrsta sinn. Þær tölur eru öðruvísi en tölur fyrri ára þar sem tímarit eru nú talin með.

Útlán hafa dregist saman, en á sama tíma aukast útlán Rafbókasafnsins, en þar er hægt að fá lánaðar hljóð- og rafbækur í miklu úrvali með bókasafnsskírteininu.



Rafræn bókasafnsskírteini í símann voru loks í boði fyrir öll almenningsbókasöfn en Landskerfi bókasafna kynnti þessa nýjung í ágúst.

Nýju sjálfsafgreiðsluvélinni var vel tekið á árinu og allir aldurshópar nota hana. Útlán úr henni eru um 25 % af útlánum.



Vegna fyrirhugaðra framkvæmda í kjallara var byrjað að pakka bókum í kassa í mars og 13. apríl kom björgunarsveitin í Hnífsdal sem tók að sér að flytja alla kassa úr kjallaranum frá bóka-, ljósmynda- og skjalasafni í geymslu í Sindragötu 11, sem var fyrst leigð til 6 mánaða, en í lok árs var gerður leigusamningur fyrir geymslu þar til 10 ára, fyrir ljósmynda-, lista- og skjalasafn. Aðeins bókasafnið mun geyma safnkost í kjallara Safnahússins eftir að framkvæmdum lýkur.



Verkið reyndist umfangsmeira en reiknað var með, framkvæmdirnar gengu hægt um sumarið og haustið og ekki náðist að ljúka því á árinu sem stefnt var að, sem var að steypa allt gólfið í kjallaranum.

Undir lok ársins, þegar varð ljóst að skjala-ljósmynda- og listasafnið fengju langtímageymslur, kom tækifæri fyrir annars konar notkun á kjallaranum. Ákveðið var að tvö herbergi sem áður voru geymslur og vinnuherbergi bókasafns, yrðu vinnustofur fyrir viðburði safnanna í húsinu. Auk geymslna bókasafnsins verður þar sameiginleg geymsla hússins fyrir stóla, borð og fleira, og bókasafnið og listasafnið verða með sitt hvort vinnuherbergi í kjallaranum.

Uppfærslu á rýmum og framkvæmdum á 2. hæð eftir tillögum Theresu Himmer lauk í lok árs. Lokið við að mála hillur, keypt ný húsgögn og gardínur. Byrjað var að teikna breytingar á 1. hæð. Aðeins er eftir að bæta lýsingu í lestrarsalnum.



# Framtíðarsýn bókasafnsins varðandi húsnæðismál

Í stefnu bókasafnsins 2021-2024 er óskað eftir framtíðarsýn bæjarstjórnar varðandi húsnæðismál bókasafnsins. Þar er viðbygging (á lóðinni Túngötu 10, öðru nafni „gamli gæsló“) nefnd sem möguleiki og myndi bæta mjög aðgengi að starfseminni, ef vilji er til að framtíð bókasafnsins sé í Safnahúsinu.

Ísafjarðarbær kynnti byrjun árs að hannað skyldi nýtt leiksvæði milli Túngötu og Safnahússins, frá húsum í Eyrargötu að ærslabelgnum, á „gamla gæsló“.

Forstöðumaður bókasafns sendi inn umsögn í janúar vegna svæðisins til skipulags- og mannvirkjanefndar því á þessum reit var gert ráð fyrir nýbyggingu við Safnahúsið/bókasafnið:

„Lóðin „Gamli gæsló“ er í næsta nágrenni Safnahússins, en þar sem gæsló var hafa verið hugmyndir um viðbyggingu við Safnahúsið til að bæta starfsemi safnanna.

Í gildandi deiliskipulagi frá 1997 segir að engar nýbyggingar séu leyfðar á lóð Safnahúss eða í næsta nágrenni. Síðan þá hefur gerð breyting á deiliskipulagi, 2018, þegar viðbygging var leyfð við leikskólann Eyrarskjól. Þá var einnig gerð tillaga um að lóðin Túngata 10 væri ætluð fyrir viðbyggingu við Safnahúsið. Hætt var við það vegna athugasemda sem

bárust skipulags- og mannvirkjanefnd og sagt að „frekari uppbygging Eyrartúns verði útfærð nánar í aðalskipulagsgerð“ og „auglýstri breytingu fyrir aðrar lóðir innan reits 2 er frestað.“Nýtt aðalskipulag er ekki enn komið fram en núverandi gilti til 2020.“

Einnig: „Mig langar að minna á þennan möguleika um bætt aðstöðu fyrir Safnahúsið, sem virkilega vantar nútímalegri aðstöðu og bætt aðgengi fyrir almenning.“

Svar birtist í fundargerð skipulags og mannvirkjanefndar 9.3.2023, unnið af Verkís, þar segir meðal annars: „ Á fundum 8. og 22. desember 2022 fjallaði skipulags- og mannvirkjanefnd um frumdrög að hönnun gamla gæsluvallarins sem leikssvæðis og að drögin yrðu kynnt fyrir hverfisráði og almenningi. Bæjarstjórn samþykkti fundargerð nefndarinnar. Þar með má segja að bæjarstjórn hafi lagt grunn að stefnu fyrir svæðið, sem nýttist inn í aðalskipulagsgerðina.“

Einnig segir: „Stefnu um uppbyggingu á lóðinni var frestað vegna athugasemda við auglýsingu deiliskipulags þess efnis. Óvíst er því hvort sátt myndi skapast um uppbyggingu húss fyrir safnaaðstöðu á lóðinni.“

Þar með virðist búið að loka fyrir möguleika að framtíðarlóð fyrir bókasafnið/Safnahús.

# Viðburðir

**Foreldramorgnar** með dagskrá voru 8 á árinu. Í júní kom eftirspurn eftir óformlegum foreldramorgnum og bókasafnið opnaði eftir það vikulega fyrir ungbarnaforeldra á miðvikudögum kl. 11, á tíma foreldramorgna, það sem eftir var ársins.




**Bókaklúbbur bókasafnsins** var haldinn á löngum mánudögum, með hléi yfir sumarmánuði, í 7 skipti.



**Bókaspjall** 25. febrúar sagði Gylfi Ólafsson frá sínum uppáhaldsbókum. 29. apríl kom Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og kynnti áhugaverðar bækur. Á Veturnóttum komu Pernilla Rein með spjall um Tove Jansson, og Ómar Smári Kristinsson kynnti hjólabækur sínar.



**Sáning og skiptimarkaður á fræum:** 29. mars.



**Veturnætur:** á dagskrá bókasafnsins var bókaspjall, sjá þar, og slökunarjoga með Írisi Ösp.

**Úr kúltiveruðum kindarhausnum:** 7.-28. október, bókasýning Eiríks Arnar Norðdahl, sem valdi bækur úr vestfirskri útgáfu, höfunda og fleiri vestfirskar tengingar, og var sett upp í samvinnu við starfsmenn bókasafnsins, opnaði á útgáfuhátíð Menningar við ysta haf 7. október.



**Lærum Furushiki innpökkun:** Kristjana Einarsdóttir kenndi aðferðina á aðventunni.



## Viðburðir annarra á bókasafninu

**Ritlistarhópurinn Write it out** var áfram á safninu á löngum mánudögum (umsjón: Greta Lietuvninkaitė).

**Skáksiðdegi** voru á föstudögum frá maí til ágúst (umsjón: Preeti Bhide og Halldór Pálmi Bjarkason).



**Priðja rýmið** á löngum mánudögum, frá hausti 2023 (umsjón: Ólafur Guðsteinn Kristjánsson)





**Vorvaka** : þjóðsögur úr heimsins hornum, á vegum Hversdagssafns og verkefnisins Community Co-Creation, í samstarfi við bókasafnið, 28. apríl



**The Raven's nest: höfundarspjall:** Sarah Thomas og Annska Arndal, 11. nóvember.



Mynd: Haukur Sigurðsson

**Útgáfuhóf:** Helen Cova vegna barnabókarinnar Svona tala ég, var 2. desember.

## Barnastarf

**Páskaföndur** laugardaginn fyrir Pálmasunnudag.



**Sumarlesturinn** var á sínum stað, 31. maí - 19. ágúst.

Sameiginlegt þema og plakat fyrir íslensk almenningsbókasöfn var í boði í fyrsta sinn.


Uppskeruhátíðin var 25. ágúst, þar var lukkumiðaútdráttur, og allir sem mættu fengu glaðning. Bingó með smávinningum og krapvél á staðnum. Þeir sem vildu gátu fengið teknar myndir af sér fyrir framan grænan skjá.



**Haustfrí:** boðið upp á dagskrá í 3 daga í október: 18. miðvikudagur var föndurdagur, 19. fimmtudagur var spiladagur, 20. föstudagur var bíodagur.




**Jólapósthús** var sett upp aftur á bókasafninu fyrir jólin, sem var vinsælt árið á undan. Þar gátu börn skrifað eða teiknað kveðjur sem bókasafnið sá um að senda í pósti.



**Sögustundir:** á aðventunni voru þrjár sögustundir með jólapema

**Jólasveinninn Stúfur** kom tvisvar í heimsókn í desember.



# Nemaheimsóknir

Skipulagðar grunnskólaheimsóknir á árinu: 1. og 2. bekkur komu úr GÍ í kynningu á sumarlestri.

Leikskólar komu aðeins í óskipulögðum heimsóknum þetta árið.

Lýðskólinn á Flateyri kom í nýnemakynningu og einnig MÍ.

Háskólanemar og íslenskunemar frá Háskólasetri komu þrisvar í kynningar.

Íslenskunemar búsettir á Suðureyri komu í kynningu.

Vikuna 11.-15. desember var Kristín Berglind Oddsdóttir, nemi í upplýsingafræði við HÍ, í vettvangsvinnu á bókasafninu.

## Þingeyri, Flateyri, Suðureyri

Kennarar frá grunnskólunum koma á Bókasafnið Ísafirði og fá lánaðar bækur fyrir skólana.

Áfram samstarf við Blábankann á Þingeyri, þjónustu- og nýsköpunarmiðstöð, um milligöngu um bókasendingar til og frá Þingeyri fyrir einstaklinga og skóla.



## Fundir og námskeið

EBK, KE og RŠ fóru á ráðstefnuna Next Library í Árósum í Danmörku 15.-17. maí.

EBK, KE og SPÓ fóru á ráðstefnuna Landsfund Upplýsingar sem var haldin í Hafnarfirði 21.-22. september.

SPÓ sótti skráningarnámskeið fyrir Ölmum kerfið hjá Landskerfi í Reykjavík. EBK og SPÓ tóku nokkur fjarnámskeið vegna Ölmum.

EBK fór á ráðstefnuna Nordic Libraries Together, almenningsbókasafnið sem samfélagsvettvangur, sem haldin var í Reykjavík í tilefni afmælis Borgarbókasafns, 18.-20. október.

Allir starfsmenn: aðgangur að fjölda hagnýtra námskeiða hjá Akademias.

## Starfsmenn og stöðugildi

Fastráðnir starfsmenn voru Edda Björg Kristmundsdóttir forstöðumaður, Kristjana Einarsdóttir, Roberta Šoparaitė og Sigmar Þór Óttarsson.

Kári Eypórsson var sumarstarfsmaður og einnig í tímavinnu. Arnheiður Steinþórsdóttir var í tímavinnu til maíloka.

Stöðugildi voru 2.55.



BÓKASAFNIR ÍSAFIRÐI

2024